

Þátturinn er ákveðinn 14.12.2010

Alþingi
Erindi nr. P 139/1000
komudagur 14.12.2010

Breytingatillögur við frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld – 313. mál.

1. 9. gr. frumvarpsins orðist svo:

Í stað orðanna: „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Fiskræktarsjóður.

Athugasemdir:

Komið hefur í ljós að Þróunarsjóður sjávarútvegsins er ekki lengur til og því er lagt til að Fiskræktarsjóður komi í hans stað í stað þess að bæta honum við upptalningu ákvæðisins.

2. Orðin „Þróunarsjóður sjávarútvegsins“ í c-lið 17. gr. frumvarpsins falla brott.

Athugasemdir:

Komið hefur í ljós að Þróunarsjóður sjávarútvegsins er ekki lengur til og því er lagt til að hann verði felldur brott úr ákvæði frumvarpsins.

3. Tekjuskattur l. 90/2003- skattskyldur arður.

Á eftir orðunum „á sér stað til“ í 3. málsli. 2. mgr. 11. gr. kemur: samlagsfélags eða

Athugasemdir:

Lagt er til að samlagsfélagi verði bætt við upptalningu ákvæðisins þar sem kveðið er á um að úthlutun verðmæta til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, teljist til tekna hjá honum.

4. Tekjuskattur l. 90/2003 – greiðslumark í landbúnaði:

1. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

3. málsli. 3. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka:

1. janúar 2011.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir brottfall 1. mgr. og 3. málsli. 3. mgr. 32. gr. skal þeim aðilum sem keypt hafa framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011 heimilt að færa þann stofnkostnað niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, að frádreginni þeirri niðurfærslu og árafjölda sem þegar hefur átt sér stað.

Athugasemdir:

Lagt er til að sérregla þessi verði felld brott. Nú er ekki talin þörf á jafn örum skipulagsbreytingum í landbúnaði og álitid var á sínum tíma þegar þessi sérregla var innleidd. Þá má telja ljóst að reglan getur ýtt undir hærra verð á greiðslumarki en ella og með því leitt til hærri framleiðslukostnaðar og torveldað nýliðun í mjólkurframleiðslu. Því verður álitid að sérreglan eigi ekki lengur rétt á sér. Réttindi samkvæmt greiðslumarki eiga eftir eðli sínu að falla undir 48. gr. laganna um ófyrnanleg réttindi. Um er að ræða verðmæti sem eyðast ekki þótt þau takmarkist af gildistíma búvörusamnings hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að þeir sem keypt hafa framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011 megi halda áfram að færa niður stofnkostnaðinn og þannig fjari þessi sérregla út.

5. Tekjuskattur l. 90/2003 – samsköttun.

Við 1. mgr. 55. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Samsköttun skal þó falla niður með félagi sé það tekið til gjaldþrotameðferðar eða sæti slitameðferð sbr. 101. gr. laga nr. nr. 161/2002.

Athugasemdir:

Með ákvæði þessu er verið að kveða skýrar á um að sú heimild sem veitt er til samsköttunar hlutafélaga og einkahlutafélaga falli niður, þegar eiginlegum atvinnurekstri og störfum hefðbundinnar félagsstjórnar, þ.m.t. hluthafa, telst lokið vegna gjaldþrots eða slitameðferðar. Þar með hafi sú breyting orðið á eignarhaldi og forræði að forsendur fyrir samsköttun með sjálfstætt starfandi hlutafélagi teljist ekki vera til staðar, sbr. og 2. málsl. 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga

6. Breytingar á 99. gr. l. 90/2003.

1. mgr. 99. gr.:

Í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. falla brott orðin: „og reikningsár skv. 1. mgr. 59. gr.,“

Athugasemdir:

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að synjun ríkisskattstjóra á heimild til breytinga á reikningsári, sbr. 59. gr. sæti sérstakri kærueimild til yfirskattanefndar, en við framsetningu tillögunnar láðist að fella samhliða niður almennan kærurétt vegna þessa tilviks.

2. mgr. 99 gr.:

Orðin „eða þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa til þess sérstaka heimild“ í 2. mgr. 99. gr. falla brott.

Athugasemdir:

Texti ákvæðisins í núverandi mynd vísar til þess fyrirkomulags frá fyrri tíð að ríkisskattstjóri heimilaði að tilteknir starfsmenn skattstjóra undirrituðu úrskurði fyrir þeirra hönd. Með sameiningu skattumdæma og embættis ríkisskattjóra er óþarft að mælt sé fyrir um þennan hátt á verkstjórn í lögum.

7. Fella brott 50.000 kr. lágmark í áttakinu allir vinna.

Orðin „þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr.“ í 2. mgr. XXXV. bráðabirgðaákvæði við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, falla brott.

Athugasemdir:

Komið hefur í ljós að það að reikningar þurfi að ná a.m.k. samtals 50.000 kr. megi skilja á fleiri en einn veg, þ.e. hvort heildarfjárhæð reiknings hjá hverjum einstaklingi þurfi að ná þessari fjárhæð eða hvort t.d. reikningar húsfélags þurfi að ná fjárhæðinni. Engin slík mörk er að finna vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts og þar er því hægt að sækja um endurgreiðslu vegna mjög lágra fjárhæða. Þá byggir frádráttur frá tekjuskattsstofni á umsóknum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Lagt er til að viðmiðunarmörkin verði felld brott. Fjárhagslegir hagsmunir eru litlir sem engir og um er að ræða ívilnandi aðgerð auk þess sem það yrði til einföldunar í framkvæmd.

8. XXXVI. bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga – skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda lögaðila og manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

6. mgr. bráðabirgðaákvæðis XXXVI orðist svo:

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um gagnkvæma niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram, og krafan hefur verið keypt af þriðja aðila á lægra verði en hún er skráð á í bókum skuldarans, ber skuldaranum að tekjufæra mismuninn. Gera skal grein fyrir útfærslu viðskiptanna í samkomulagi aðila þegar skipt er á kröfu og hlutafé.

Athugasemdir:

Lögð er til breyting til frekari skýringar á bráðabirgðaákvæðinu sem kveður á um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda lögaðila og manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Kveðið er á um að aðilar geti samið um gagnkvæma niðurfellingu kröfu áður en greiðsla með hlutafé er innt af hendi auk þess að þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram, og krafan hefur verið keypt af þriðja aðila á lægra verði en hún er skráð á í bókum skuldarans, beri skuldara að tekjufæra mismuninn. Þá skal gera grein fyrir útfærslu viðskiptanna í samkomulagi aðila þegar skipt er á kröfu og hlutafé.

9. Bráðabirgðaákvæði a. (I.) í 13. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 128/2009, sem breytti 60. gr. laganna, er þeim aðilum sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu og fengið höfðu heimild ríkisskattstjóra til að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnubáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70% heimilt að færa til tekna **með jöfnum hætti** á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna þ.e. á tekjuárunum 2010, 2011 og 2012.

Athugasemdir:

Taka þarf af öll tvímæli um að tekjufærslan á hinum uppsafnaða skattskylda hagnaði dreifist jafnt á þrjú ár.

10. 3. másl. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis b. (II.) í 13. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þá er skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 til og með 2014. Ríkisskattstjóri getur heimilað skattaðila að taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða skiptingu upp í fleiri félög að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis.

Athugasemdir:

Lagt er til að ríkisskattstjóri geti heimilað samsköttun, sameiningu og skiptingu félaga að uppfylltum öllum skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti.

11. Við IV. kafla frumvarpsins, um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:

- a. Orðin „31. desember“ falla brott.
- b. Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: Hafi einstaklingur átt lögheimili í fleiri en einu sveitarfélagi á tekjuárinu skal leggja á hann útsvar sem skiptist hlutfallslega eftir búsetutíma og skal útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fara eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður skv. 1. mgr. 24. gr. og ef við á 6. mgr. 24. gr.

Gert er ráð fyrir því að gildistaka ákvæðisins verði 1. janúar 2011 en að það komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2012 vegna útsvars á árinu 2011.

Athugasemdir:

Lagt er til að við skil á útsvari vegna íbúa sem flytja milli sveitarfélaga innan álagningarársins sé litið til þess hvernig búsetan skiptist á milli viðkomandi sveitarfélaga en ekki einungis horft til íbúaskrár eins og hún er 1. desember ár hvert.

12. Frestun gjalddaga í tolli.

Við V. kafla frumvarpsins, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, bætist ný grein, svohljóðandi:

Við lög bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða V í tollalögum, nr. 88/2005.

Við IX. kafla frumvarpsins, um breyting á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum, bætist ný grein, svohljóðandi:

Við lög bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, VI. svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Við frumvarpið bætist nýr kafli, um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, svohljóðandi:

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Gert er ráð fyrir því að breytingar þessar öðlist þegar gildi.

Almennar athugasemdir.

Frumvarpi þessu er ætlað að bregðast tímabundið við greiðsluferfiðleikum fyrirtækja vegna þess samdráttar sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Um er að ræða nokkurs konar greiðsluáðlögun fyrir atvinnulífið þar sem fyrirtækjum er gert kleift að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalds.

Með frumvarpinu er lagt til að vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 verði hefðbundnum gjalddaga aðflutningsgjalda dreift á þrjá gjalddaga á næsta ári í stað eins og hefðbundnum gjalddaga vörugjalda dreift á tvo gjalddaga á næsta ári í stað eins. Þetta tímabundna fyrirkomulag kallar á breytingar, í forni ákvæða til bráðabirgða, á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt.

Greiðsluáðlögun af sams konar meiddi hefur verið lögfest áður og er frumvarpið lagt fram nú til að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluferfiðleikum og styðja þau inn í nýja árið. Frumvarpinu er ætlað að vera einskiptisaðgerð sem taki aðeins til fyrsta tímabil árisins 2011.

Nánar um efnisatriði.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við tollalög, nr. 88/2005, þess efnis að hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, verði fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 þannig að í stað þess að gjalddaginn sé 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að þriðjungur aðflutningsgjalda fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu á hefðbundnum gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, þriðjungur komi til greiðslu mánuði síðar eða 15. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og þriðjungur komi til greiðslu 5. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Dagsetning lokagreiðslu er lögð til með hliðsjón af því að gjalddagi aðflutningsgjalda fyrir næsta uppgjörstímabil er 15. dagur sama mánaðar.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sem kveður á um að hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., þ.e. öðrum en þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, verði fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 þannig að í stað þess að gjalddaginn sé 28. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að helmingur vörugjalds fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu 28. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins og hinn helmingurinn komi til greiðslu mánuði síðar eða 28. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Þriðji kafli frumvarpsins er lagður til með vísan til fyrsta kafla frumvarpsins. Í kaflanum er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði

VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. þeirra laga verði á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Er ákvæðið sem áður segir lagt til með vísan til I. kafla frumvarpsins um greiðslufrest vegna aðflutningsgjalda. Með ákvæðinu er brugðist við þeim vanda sem, að óbreyttum lögum, kemur upp í kjölfar I. kafla frumvarpsins (verði frumvarpið að lögum) og er þess eðlis að aðila væri ekki heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað er ásamt virðisaukaskatti á gjalddaga, allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils heldur einungis hluta. Með ákvæðinu er verið að tryggja að aðili sem stendur skil á virðisaukaskatti á gjalddaga geti að fullu notið innskattsréttar vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þrátt fyrir framangreindar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum. Líta má því á þetta ákvæði sem beina afleiðingu af I. kafla frumvarpsins.

